

AUGLÝSING

um deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulög fyrir frístundbyggðir: í landi Helludals, að Koðralæk Holtakotum, í landi Miðhúsa við Hrutá, í landi Neðra-Dals, í landi Kjarnholta II, í landi Kjarnholta III, í landi Drumboddsstaða og einnig tillögu að breytingu á skilmálum varðandi stærð húsa í frístundabyggð að Spóastöðum, allt í Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulögin hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreind deiliskipulög öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 14. maí 1999.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

Nr. 317

10. maí 1999

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Eyrarinnar á Ísafirði í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18. mars 1999 breytt skipulag Eyrarinnar á Ísafirði dags. 16. október 1997. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðinni nr. 34 við Sundstræti og felst breytingin í að reiturinn breytist í blandaðan reit fyrir íbúðir og þjónustu.

Greinargerð og uppdrátturinn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina frá 16. október 1997.

Ísafjarðarbæ, 10. maí 1999.

Ármann Jóhannesson bæjarverkfræðingur.

Nr. 318

11. maí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á iðnaðar/þjónustu- og verslunarsvæði við Flatahraun.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. mars 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi á iðnaðar/þjónustu- og verslunarsvæði við Flatahraun dags. 17. mars 1998.

Breytingin felst í stækkun á byggingarreit og lóð nr. 1 við Helluhraun og nr. 7 og 8 við Gjótuhraun. Stækkun á lóð við nr. 7 við Flatahraun. Felld er niður lóð sem ætluð var undir mastur nr. 9 við Gjótuhraun og bílastæðum er fjölgað við lóðir nr. 7 og 8 við Gjótuhraun.